



14. mars 2023

Tilv.:2303104

Dreifibréf númer: 11/2023

Til verðbréfafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um beitingu C6 og C7 í viðauka 1 við MiFID II

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur [ESMA-70-156-869](#) um beitingu C6 og C7 í viðauka 1 við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2014/65/EB](#) um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II). Tilskipunin var tekin upp í íslensk lög með lögum nr. [115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðmiðunarreglunum (e. guidelines) er einnig ætlað að vera til fyllingar við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun. Framselda reglugerðin var einnig tekin upp í íslensk lög með lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðmiðunarreglunum er almennt ætlað að vera leiðbeinandi fyrir þá aðila sem starfa á fjármálamarkaði, en reglunum er sérstaklega beint að eftirlitsstofnunum og verðbréfafyrirtækjum.

Í C hluta viðauka I við MiFID II er hugtakið fjármálagerningur skilgreint, en skilgreininguna er að finna í 2. og 17. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021. Skilgreininguna var áður að finna í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, en hana er nú að finna í lögum nr. 115/2021 með minniháttar breytingum.

Tilvísun til 6. og 7. tl. C hluta viðauka I í viðmiðunarreglunum samsvarar c. og d. lið 2. tl. 4. gr. laga nr. 115/2021, en töluliðirnir fjalla um mismunandi afleiður sem falla undir fjármálagernings hugtakið. Í viðmiðunarreglunum er munurinn á milli c. og d. liðar útskýrður og m.a. lýst hvað felst í því að samningar séu gerðir upp við afhendingu, sbr. orðalag stafliðanna.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja og annarra sem málið varðar að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir
frankvæmdastjóri
Háttsemiseftirlit

Finnur Loftsson
lögfræðingur
Háttsemiseftirlit

